

Grunnskólakennarafræði  
Íþróttufræði  
Kennsluréttindanám  
Leikskólakennarafræði

Tómstunda- og  
félagsmálafræði  
Þroskaþjálfufræði  
Meistaránám  
Doktorsnám

SRR Símenntun -  
Rannsóknir - Ráðgjöf  
Menntasmiðja  
Símanúmer og netföng

Vefpóstur  
WebCT  
Ugla  
Veftré



KENNARAHÁSKÓLI ÍSLANDS

## Fyrirlestur um þrautalausnir

Hefst: **9 Okt 2006 - 3:30pm**

Lýkur: **9 Okt 2006 - 4:30pm**

### Lýsing:

Bandaríski fræðimaðurinn Bharath Sriraman flytur opinn fyrirlestur um þrautalausnir, From Problem Solving to Modeling- An overview of the state of international research, í Bratta við Stakkahlíð. Sriraman fjallar um þá þróun sem orðið hefur á síðustu 100 árum í umfjöllun um lausnir þrauta og gildi þess að glíma við þrautir. Áherslur hafa færst frá líkónum sem byggja á leitaraðferðum yfir í líkón þar sem sjónum er beint að skilningi á eigin hugsun og viðhorfum. Í skrifum um lausnir þrauta kemur fram að nýlegar rannsóknir staðfesta það sem fyrri rannsóknir hafa sýnt. Með öðrum orðum að nýlegar rannsóknir hafa ekki fært ný eða öðruvísi sjónarmið inn í umræðuna. Í fyrirlestrinum verða kynntar nýjar og óvenjulegar leiðir í rannsóknum á lausnum þrauta sem fela í sér nýlegar viðbætur við gerð líkana. Þær gefa möguleika á því að draga inn alveg ný sjónarmið á hvað lausnir þrauta fela í sér stærðfræðilega sem við að koma rannsóknum áfram. Bharath Sriraman er dósent við The University of Montana. Hann hefur skrifað mikið um stærðfræðimenntun fyrir grunn- og framhaldsskóla. Bharath Sriraman er ritstjóri og í ritstjórn ýmissa virtra tímarita um stærðfræðimenntun. Á þessu ári hefur Bharath Sriraman meðal annars ritstýrt þemahefti tímaritsins Zentralblatt für Didaktik der Mathematik um stærðfræðilíkón og notkun þeirra í stærðfræðikennslu. Fyrirlesturinn verður fluttur á ensku. Hann fer fram í Bratta, Kennaraháskóla Íslands og er gengið inn frá Háteigsvegi. Fyrirlestrinum verður sjónvarpað á netsjónvarpi Kennaraháskólans. Slóðin er: <http://sjonvarp.khi.is/>

[dagatal](#) | [prentvæn útgáfa](#)

Lt



Fr

Gn

Ná

Un

Sk

St

St

Al

Ra

SR

Sa

Sr

þj

Ne

Rá

St

Ve

En

Ma

Un